

## LISTIR



Af sýningunni Flogið yfir Heklu sem opnuð verður á Kjarvalsstöðum í kvöld. Sýningin verður opin í allt sumar.

Morgunblaðið/Billi

# HUGUR- INN LEITAR TIL BAKA



Einar Garibaldi Eiríksson er sýningarstjóri Flogið yfir Heklu.

Kjarvalsstaðir opna  
sumarsýningar sínar  
í kvöld og eru þær  
tvær að þessu sinni.  
Þeir Einar Garibaldi  
Eiríksson og Gretar  
Reynisson eiga rík-  
an eða allan þátt  
í þeim og fylgdu  
þeir Ingu Maríu  
Leifsdóttur  
um sýningarnar,  
þar sem margt for-  
vitnilegt gaf að líta.



Gretar Reynisson myndlistarmaður fyrir framan verk sitt á sýningunni á Kjarvalsstöðum.

**S**UMARSÝNINGAR Listasafns Reykjavíkur – Kjarvalsstaða verða opnaðar í kvöld og munu vera opnar gestum og gangandi í sumar frá og með morgundeginum. Um tvær sýningar er að ræða, sýninguna Flogið yfir Heklu í sýningarstjórn Einars Garibalda Eiríkssonar og sýningu Gretars Reynissonar sem ber yfirskriftina 1461 dagur.

Sýningarnar tvær hafa mjög ólíkt yfirbragð og viðfangsefni þeirra eru sitt af hvorum toganum eiga báðar erindi við nútímann og manneskjuna í dag og mynda um leið skemmtilega andstæðu við hvora aðra. Og á báðum sýningum leitar hugur áhorfandans ósjálfrátt til baka, hugurinn spyr: Hvar var ég í fyrra þann 17. júní? Eða á afmælisdaginn minn? Hvar sá ég síðast mynd af Heklu?

## Tíminn, upphaf og endir

Sýning Gretars er einkasýning sem staðsett er í miðrými Kjarvalsstaða. Þar fæst hann við tímann, minninguna og sjálfsskoðunina og hefur hún einfalt og stílhreint yfirbragð. Hún ber yfirskriftina 1461 dagur og vísar það til dagafjölda síðustu fjögurra ára en á hverjum degi á því tímabili hefur Gretar gert eitt „verk“, sem sýnt er á sýningunni. „Verkin“ eru allt frá plöttum með blýantsteikningu til kaffibollafars, til sjálfsmýndar, til þess að þurrka sér á handklæði. Á máli myndlistarinnar kallast slík vaxandi list „work in progress“.

Vinstra megin þegar gengið er inn í miðrými Kjarvalsstaða eru plattar í fjórum stærðum sem fylltir eru af blýantsteikningu eða nuddi, hægra megin eru fjórir

hlutir: Möppur með 365 sjálfsmýndum, skápur með 365 brauðum, 12 bækur með einu kaffibollafari fyrir hvern dag mánaðarins og hilla með 52 hvítum handklæðum. „Í lok árs 1996 stend ég frammi fyrir því eins og flestallir myndlistarmenn og annað fólk yfirhöfuð hvað ég eigi að gera á næsta ári. Svo ég hugsa með mér að ég geri bara eitthvað lítið á hverjum degi, en ég geri eitthvað daglega, eyði deginum, klári daginn, nýti hann,“ segir Gretar. „Ég fór því að krotta á þessa platta, einn á hverjum degi. Þannig byrjaði þetta, en ég vissi ekkert hvar eða hvernig það myndi enda.“

Afrakstur þessa fyrsta árs voru 365 plattar og 365 sjálfsmýndir sem sýnd voru á sýningu í Nýlistasafninu árið eftir. „Næsta ár þar á eftir held ég áfram að vinna með plattana, að þessu sinni einn

aðeins stærri á viku. Svo bý ég til eitt brauð á hverjum degi. Þau eru núna orðin eins og bein.“ Þessi hluti sýningarinnar var sýndur á sýningu í 18 galleríi. Árið 1999 gerði Gretar svo tólf stóra platta, einn fyrir hvern mánuð ársins, og þrykkti far eftir kaffibolla á hverjum degi í eina bók á mánuði. Afrakstur þessa hluta sýningarinnar var sýndur í Listasafni ASÍ í fyrra. Þá vann hann einnig að síðasta og nýjum áfanga sýningarinnar nú sem rekur smíðshöggjö á þessi fjögur ár í lok aldarinnar. Einn stór platti af stærðinni 1x1 metri var afrakstur ársins, auk tólf hvítra handklæða en Gretar notaði eitt á viku í fyrra.

„Plattarnir stækka eftir því hvort þeir endurspegla einn dag eða eina viku, en ekki hlutfallslega,“ útskýrir Gretar. „Tíminn er svo afstæður í vitund fólks, heill

vetur getur verið eins og einn dagur og öfugt. Þess vegna er platti sem stendur fyrir viku ekki sjö sinnum stærri en platti sem stendur fyrir dag. Hins vegar endurspegla þeir þessi tímabil og því er einungis einn platti fyrir árið 2000, þar sem hann stendur fyrir allt árið, þetta eina ár.“ Gefin verður út skrá í tilefni sýningarinnar sem Ólafur Gíslason hefur skrifað textann í. Í þeim texta er rakin saga verksins 1461 dagur og sýninganna sem haldnar hafa verið á undanförunum árum.

„Í heild er verkið um söfnun og skráningu hversdagslegra athafna sem ég set í form og sýni. Svo er það bara hvers og eins að kíkja í það. Áhorfandi má koma og fletta í gegnum plattana. Þegar þeir voru sýndir í Nýlistasafninu fyrir þremur árum fletti fólk strax upp á dögum sem því voru minnisstæðir á árinu 1997, afmælisdeginum sínum og svo framvegis. Þannig tengir áhorfandinn sig verkinu, minningum sínum og tímanum.“

## Spilastokkar og olufálverk

Sýningin Flogið yfir Heklu inniheldur myndverk úr hinum ólíklegustu jafnt sem líklegustu áttum sem öll eiga það þó sameiginlegt að tengjast Heklu og sýn myndlistarmanna og fólks yfirleitt á náttúruna. Þar kennir enn fleiri grasa en á sýningu Gretars, allt frá hinum gamalkunnu málverkum meistaranna til hljóðlistaverka til spilastokks útgefnum af Landsvirkjun. Yfirskrift sýningarinnar vísar til orða Laxness úr riti hans um Kjarval sem kom út árið 1950 en hugmyndin að sýningunni og umsjón með henni er í höndum Einars Garibalda Eiríkssonar, listamanns og prófessors við Listaháskóla Íslands. „Laxness byrjar þarna að greina örliðið hvernig sýn okkar á náttúruna breytist eftir að tól og tæki koma til sögunnar. Meðal annars talar hann um það hvernig Hekla, þessi gamli inngangur að víti, verður eiginlega að pönnuköku um leið og við fljúgum yfir hana,“ segir Einar en fyrir tveimur árum hélt hann fyrirlestur um þetta efni. Í kjölfarið stakk hann upp á þessu viðfangi sem efni í sýningu sem nú lítur dagsins ljós. „Myndirnar á sýningunni verða bara merktar með númerum. Svo hef ég skrifað bækling sem sýningargestir fá í hendur þar sem þeir eru leiddir eftir þessum númerum um sýninguna og hún útskýrd í leiðinni.“

## Langaði að fjalla um landslagssýn

Aðspurður af hverju Hekla hafi orðið fyrir valinu svarar Einar að hún hafi þann kost að margir hafi fengist við hana í myndverkum. „Mig langaði til að fjalla um landslagssýn og varð að takmarka mig að einhverju leyti. Með því að stýfa leitina innan myndheimsins verður miklu skýrara hvers konar þróun hefur átt sér stað. Hekla hefur náttúrulega verið myndgerð frá fyrstu tíð, eins og maður sér á landakortunum. Það hefði verið mjög auðvelt að safna saman öllum „fallestu“ Heklumyndunum og setja saman inn á þessa sýningu en ég held að það væri fullkomlega óáhugavert að þær stæðu þarna í þöglu samþykki um að þetta séu bestu Heklumyndirnar. Ég vildi sjá hvað myndi gerast með því að setja saman ólíka hluti, bæði úr neytlusamfélaginu og frá frumherjunum, gömlu kortin, Ómar og allt þetta. Eg vissi auðvitað ekkert hvað yrði úr og þetta hefur tekið nokkrum breytingum á leiðinni. Sýningin fjallar líka um þann hugmyndaheim sem myndlistarmaðurinn jafnt sem allir aðrir standa frammi fyrir þegar hann vill takast á við Heklu eða náttúruna almennt. Það eru jú ekki bara Kjarval og þeir sem eru hluti af honum, það er líka Ómar og símaskránn og jepparnir að skvetta upp úr drullu-pollunum. Þetta er allt hluti af þessari mynd og hefur áhrif á hvernig við upplifum og skynjum náttúruna.“

ingamaria@mbl.is